

Sb.

156. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1970.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hóf athugun sína á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1970 á fundi sínum hinn 15. okt. s. l., en síðan hefur nefndin unnið sleitulaust að afgreiðslu málsins.

Alls hefur nefndin rætt fjárlagafrumvarpið á 32 fundum sínum, en auk þess hafa einstakir nefndarmenn starfað í undirnefndum til athugunar á sérstökum málaflokkum frumvarpsins. Hefur sú athugun einkum beint að þeim málaflokkum, er fjalla um fjárveitingar til verklegra framkvæmda, svo sem um nýbyggingu skóla og íþróttamannvirkja, hafnarframkvæmdir og lendingarbætur og nýbyggingu sjúkrahúsa og læknameiðstöðva. Segja má, að megnið af því fjármagni, sem af hálfu hins opinbera er varið til verklegra framkvæmda í landinu, falli undir þessa þrjá málaflokka.

Þá hefur nefndin nú sem fyrr átt ágætt samstarf við forstöðumann fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjármálaráðuneytisins, dr. Gísla Blöndal, en hann hefur setið flesta fundi nefndarinnar og veitt henni mikilsverðar upplýsingar og aðstoð.

Þá er þess að geta, svo sem fram kom í framsöguræðu hæstv. fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpinu, að á síðastliðnu sumri var að hans ósk starfandi undirnefnd fjárveitinganefndar, sem í átti sæti, einn maður frá hverjum þingflokki, og vann sú nefnd, ásamt fjárlaga- og hagsýslustofnuninni, að ýmsum athugunum varðandi fjárlagagerðina, með það fyrir augum að koma á bættu skipulagi í ríkisrekstrinum og auknum sparnaði. Er ekki að efa, að þessi nýbreytni í vinnubrögðum við samningu fjárlagafrumvarpsins er til bóta og ætti að tryggja nánari samvinnu milli fjárlaga- og hagsýslustofnunar fjármálaráðuneytisins og fjárveitinganefndar, sem telja verður æskilegt.

Meðan athugun nefndarinnar á fjárlagafrumvarpinu hefur staðið yfir, hefur hún átt þess kost að ræða við fjölmarga forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana, en með því hefur nefndin aflað sér ýmissa upplýsinga varðandi ríkisreksturinn í heild, sem gert hafa nefndinni auðveldara en ella að meta þá nauðsyn, sem fyrir hendi er hverju sinni, þegar um það er að ræða að skipta takmörkuðu fjármagni milli einstakra verkefna þjóðfélagsins.

Svo sem jafnan áður hefur nefndinni horizt fjöldi erinda frá einstaklingum, samtökum og stofnunum, sem flest hafa falið í sér beiðnir um fjárhagslegan stuðning eða fyrirgreiðslu í einu eða öðru formi. Hafa nefndarmenn eftir föngum reynt að kynna sér þessi málefni og komið til móts við aðila, eftir því sem tók hafa verið á. Nefndinni er þó ljóst, að í mörgum tilfellum hefur orðið að synja fjárbeiðnum til málefna, sem vissulega verðskulda fjárhagslegan stuðning, en takmarkað fjármagn hins opinbera hefur ráðið úrslitum um afgreiðslu mála.

Enn sem komið er hefur nefndinni ekki unnizt tími til að ljúka að fullu afgreiðslu sinni á nokkrum liðum fjárlagafrumvarpsins. Má þar nefna liðina: nýbygging iðnskóla, fyrirhleðslur, eftirlaun og heiðursstyrkir o. fl., auk einstakra erinda annarra. Bíður afgreiðsla þeirra til 3. umr.

Um heildarafgreiðslu fjárlagafrumvarpsins náðist ekki samkomulag innan nefndarinnar. Mun minni hlutinn því skila séráliti. Varðandi breytingartillögur á þingskjali 154 varð hins vegar samstaða innan nefndarinnar, og flytur hún því tillögurnar sameiginlega.

Varðandi tekjubálg fjárlagafrumvarpsins er það að segja, að meiri hluti nefndarinnar flytur engar breytingartillögur við hann við þessa umræðu málsins. Það er alkunna, að nú standa fyrir dyrum umræður um aðild Íslands að EFTA, Friverzlunarsamtökum Evrópu. Samþykki Alþingi þingsályktunartillögu þá, sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi um aðild Íslands að EFTA, leiðir af því, að gera verður margvíslegar breytingar á tekjustofnum fjárlagafrumvarpsins. Meiri hluti fjárveitinganefndar telur því rétt að fresta til 3. umræðu að bera fram breytingartillögur við tekjubálg frumvarpsins. Hins vegar vill meiri hluti nefndarinnar taka það skýrt fram, að hann telur með öllu óverjandi að afgreiða fjárlagafrumvarpið með greiðsluhalla, og mun því miða breytingartillögur sínar við 3. umr. málsins við það, að svo verði eigi.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við gjaldabálg frumvarpsins:

Um 1 00 Æðsta stjórn ríkisins.

Nýr liður við Alþingi (201 07) er útgáfukostnaður á Alþingishátíðarkantötu dr. Páls Ísólfssonar 280 þús. kr.

Um 1 01 Forsætis- og menntamálaráðuneytið.

Þar er fyrst lagt til, að liðurinn Handritastofnun Íslands, gjaldfærður stofn-
kostnaður hækki um 2 500 þús. og verður þá 3 800 þús. kr., en gert er ráð fyrir, að
eftirstöðvar af stofnkostnaði Handritastofnunarinnar muni nema um 2 500 þús. kr.
og að sú upphæð verði tekin í fjárlög árið 1971. — Liðurinn önnur rekstrargjöld
við Náttúrufræðistofnun Íslands er lagt til að hækki um 65 þús. kr. vegna kaupa á
ljósmyndavinnuáhöldum Tryggva Samúelssonar. — Lagt er til, að til Menntaskól-
ans á Akureyri hækki liðurinn laun um 460 þús. kr., sem er vegna vanáætlunar í
frumvarpinu. — Til Kennaraskóla Íslands hækkar liðurinn laun um 1 923 þús. kr.
og önnur rekstrargjöld um 307 þús. kr. Stafar þessi hækkun af auknum nemenda-
fjölda, miðað við það, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. — Til Fræðslumynda-
safnsins er tillaga um fjárveitingu að upphæð 250 þús., sem er nýr liður: Til til-
rauna með skólasjónvarp í eðlisfræði á vegum Fræðslumyndasafnsins í samvinnu
við skólarannsóknir. — Lagt er til að hækka liðinn Vélaskólinn, laun um 946 þús.
og önnur rekstrargjöld um 160 þús. kr. Er það vegna mikillar aðsóknar að skól-
anum. — Til Iðnskólans í Reykjavík er lagt til, að komi nýr liður, gjaldfærður
stofnkostnaður, 300 þús. kr. Skal upphæðinni varið til kaupa á prentvél til prent-
deildar iðnskólans. — Framlag til byggingarframkvæmda við héraðsskóla er lagt
til, að hækki um samtals 600 þús. kr. og verður þá alls 16 700 þús. kr., og vísast
til skiptingar á upphæðinni samkv. tillögum nefndarinnar á þingskjali 154. — Til
byggingarframkvæmda gagnfræðaskóla, barnaskóla og íbúða fyrir kennara og skóla-
stjóra er lagt til, að fjárveiting hækki um samtals 61 105 þús. kr. Vísast einnig til
skiptingar á fjárveitingunni milli hinna ýmsu skóla, samkvæmt því, sem fram kemur
í tillögum nefndarinnar á þingskjali 154. — Lagt er til, að framlag Lánasjóðs
íslenzkra námsmanna hækki um 1.5 millj. kr. — Til náms- og fræðimanna, lið-
urinn 781, hækkar um 10 þús. kr., sem er hækkun á styrk til Félags íslenzkra
stúdenta í Kaupmannahöfn. — Þjóðminjasafnið, liðurinn 803, hækkar um 75 þús.
kr., og er lagt til að verja upphæðinni til byggingar verbúðar í gömlum stíl í Bol-
ungarvík. — Þá er lagt til að hækka fjárveitingu til almenningsbókasafna, liðinn
881 05 til húsabóta um 150 þús. kr., sem verja skal til geymsludeildar amtsbóka-
safnsins á Akureyri 100 þús. kr. og til endurbóta bókasafnsins á Ísafirði 50 þús.
kr. — Þá er lagt til, að liðurinn 882 listir, framlög hækki um 1 millj. kr. og verður
þá samtals 5 919 þús. kr. Er lagt til, að upphæðin skiptist þannig: a) Heiðurslaun
samkvæmt ákvörðun Alþingis til tiltekinnna 10 manna, 125 þús. kr. til hvers. b)
Starfslaun, úthlutað af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipar 440 þús. kr. c)
Listamannalaun, úthlutað af nefnd, sem Alþingi kys samkv. lögum nr. 29/1967,
að upphæð 4 229 þús. kr. — Liðurinn 882 02 til tónlistarskóla er lagt til, að hækki
um 78 þús. kr., en talið er, að framlagið sé vanáætlað um þá upphæð í frumvarp-
inu. — Liðurinn vísinda- og fræðimenn er lagt til, að hækki um 50 þús. kr. Skal upp-
hæðinni varið til Sigurðar Jónssonar til rannsókna á þörungagróðri við strendur
Íslands. — Liðurinn 883 ýmis vísindaleg starfsemi hækkar um 40 þús. kr. Það
er til Jöklarannsóknafélags Íslands, vegna ársþings Alþjóðajöklarannsóknarfélags-
ins, Glaciological Society, í samvinnu við Jöklarannsóknafélag Íslands, sem halda
á í Reykjavík í júnímánuði 1970. — Liðurinn 886 íþróttamál er lagt til, að hækki
um 200 þús. kr. til Íþróttasambands Íslands. — Við liðinn 899 ýmislegt eru tillögur
um eftirtaldar hækkunir. Til blindrastarfsemi hækkun 250 þús. kr., er skiptist þannig:
100 þús. kr. vegna utanfarar til náms í blindrakennslu og 150 þús. kr. til útgáfu-
starfsemi. — Til Skáksambands Íslands 50 þús. kr. og til alþjóðaskákmóta hækkun

25 þús. kr. — Þjóðdansafélag Reykjavíkur hækkun 7 þús. kr. — Leikfélag Reykjavíkur hækkun 250 þús. — Bandalag íslenzkra leikfélaga 50 þús. kr. — Stjórnunarfélag Íslands til námskeiðahalda 100 þús. kr. — Svifflugfélag Íslands 100 þús. kr. — Jón Eiríksson konferenzráð, minnismerki 25 þús. kr., Guðmundur góði, minnismerki 25 þús. kr. og Ari fróði, minnismerki 25 þús. kr. — Til Bláðamannafélags Íslands til námskeiðahalda 100 þús. kr. — Til Hlíðardalsskóla, styrkur 200 þús. kr. — Kirkjutónlistarmót, sem halda á í Reykjavík 1970, 75 þús. kr. — Íslenskt dýrasafn (Kristján Jósefsson) 50 þús. kr. og Sjóðyrasafnið í Hafnarfirði 50 þús. kr.

Um 1 02 Utanríkisráðuneytið.

Lagt er til að hækka liðina 301 Sendiráðið í Bonn vegna gengishækkunar þýzka marksins um 436 þús. kr., 303 Sendiráðið í London hækkun launa 115 þús. kr., 305 Sendiráðið í Osló hækkun 19 þús. kr. vegna hækkunar forvaxta.

Um 1 03 Atvinnumálaráðuneytið.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins, lagt er til, að liðurinn 206 11 Tilraunastöðin, Skriðuklaustri, viðhald, hækki um 150 þús. kr. Þá er tillaga um, að liðurinn 244 verðlagsnefnd landbúnaðarafurða hækki um 196 þús. kr. — Til Kvenfélagasambands Íslands er tillaga um hækkun um 100 þús. kr. og til Sambands norðlenskra kvenna, nýr liður 50 þús. kr. — Þá er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður, að upphæð 700 þús. kr., til að standast kostnað af ráðstefnu á vegum FAO um fiskileitartæki og veiðarfæri, sem halda á í Reykjavík í maílok 1970. — Einnig er lagt til, að inn komi nýr liður vegna sýningarinnar Íslendingar og hafið 250 þús. kr. — Liðurinn 531 Hvanneyri, til viðhalds á kennarabústað hækkar um 150 þús. kr. og önnur rekstrargjöld um 100 þús. kr. — Liðurinn 532 Hólar, gjaldfærður kostnaður, til byggingar íþróttahúss, hækkun 900 þús. kr. — Framlag til byggingar húsmæðraskóla utan kaupstaða er lagt til, að hækki samtals um 440 þús. kr., og vísast til skiptingar milli skóla samkv. tillögum nefndarinnar á þingskjali 154. — Liðurinn 581 verzlunarskólar: Verzlunarskóli Íslands hækkun 1 200 þús. kr. og Samvinnuskólinn að Bifröst hækkun 350 þús. kr. — Undir liðnum 999 ýmislegt er lagt til, að liðurinn 02 til tækninýjunga hækki um 150 þús. kr. og 04 vegna skólabáts hækki um 500 þús. kr.

Um 1 04 Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Aðalskrifstofa, 1 01: Lagt er til, að fjárveiting hækki um 675 þús. kr. vegna væntanlegra sveitarstjórnarkosninga. Skiptist upphæðin þannig: laun hækka um 525 þús. kr. og annar kostnaður um 150 þús. kr.

Ríkisspítalar: Vegna daggjaldahækkana verða verulegar breytingar á rekstri ríkissjúkrahúsanna. Alls nemur útgjaldahækkun ríkissjóðs til sjúkratrygginganna um 72 millj. kr. Af því leiðir, að halli sjúkrahúsa ríkisins lækkar um ca. 50 millj. kr. og verður þá nettó útgjaldaaukning á fjárlögum um 22 millj. kr. Að öðru leyti vísast til þess, er fram kemur í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 154.

Lagt er til, að liðurinn 381 til sjúkrahúsa, sjúkraskýla, læknamíðstöðva og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækki samtals um 13 006 þús. kr. og verður þá samtals 72 727 þús. kr. Um skiptingu á fjárveitingunni milli hinna ýmsu framkvæmda vísast til þess, er fram kemur í tillögum nefndarinnar á þingskjali 154.

Lagt er til, að liðurinn 399 ýmis heilbrigðismál hækki sem hér segir: Nýr liður, 150 þús. kr., styrkur til Hjúkrunarfélags Íslands vegna þings norrænna hjúkrunarkvenna, sem haldið verður í Reykjavík í júnímánuði 1970. — Nýr liður, 320 þús. kr. til Náttúrulækningafélags Íslands, byggingastyrkur.

Lagt er til, að liðurinn 401 þjóðkirkjan hækki sem hér segir: 03 kirkjuþing 100 þús. kr. — 06 útgáfustarfsemi 18 þús. kr. — 10 sumarþúðir þjóðkirkjunnar 190

þús. kr. Skál upphæðinni varið til styrktar sumarbúðum þjóðkirkjunnar á Austurlandi. — Nýr liður: Minningarkapella um séra Jón Steingrímsson 250 þús. kr., fyrri greiðsla. — 22 Hallgrímskirkja í Reykjavík 280 þús. kr.

Liðurinn 971 gæzluvistarsjóður, 04 Vernd, hækkun 50 þús. kr. — Liðurinn 981 bindindisstarfsemi, hækkun 50 þús. kr. vegna halla á bindindisþingi 1968.

Um 1 05 Félagsmálaráðuneytið.

Liðurinn 271 Tryggingastofnun ríkisins: Lagt er til, að liðurinn 0 91 til fyrirtækja í B-hluta hækki um 72 millj. kr. Er það vegna þeirra breytinga, sem átt hafa sér stað í sambandi við daggjaldahækkanir sjúkrahúsanna, og vísast í því sambandi til þess, er um getur í nefndarálitinu varðandi ríkissjúkrahúsin.

Lagt er til, að liðurinn 972 Þjargráðasjóður hækki um 5 millj. kr. Er það í samræmi við ákvæði í frumvarpi til laga, sem nú liggur fyrir Alþingi og verður væntanlega samþykkt. — Vatnsveitur aðrar, nýr liður 320 þús. kr.

Liðurinn 999 ýmis framlög, lagt er til, að fjárveitingar hækki sem hér segir: Elliheimili 400 þús. kr. — Fóstruskóli Sumargjafar 200 þús. kr. — Sjúkraflug 250 þús. kr. — Rauði kross Íslands 105 þús. kr. — Sjálfsbjörg, byggingarstyrkur 1 500 þús. kr. — Geðverndarfélag Íslands, byggingarstyrkur 2 millj. kr. — Bandalag isl. skáta 50 þús. kr. — U.M.F.Í 200 þús. kr. — Æskulýðssamband Íslands 50 þús. kr. — Ýmis dagheimili samkv. sundurliðun samtals 600 þús. kr. — Æskulýðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu 25 þús. kr.

Um 1 06 Fjármálaráðuneytið.

Liðurinn 999 ýmislegt. Lagt er til, að liðurinn viðfangsefni 10 vísitöluuppbætur á laun falli niður. Um ráðstöfun á upphæðinni vísast til tillagna nefndarinnar á þingskjali 154.

Um 1 07 Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið.

Til hafnargerða og lendingarbóta eru tillögur nefndarinnar um hækkun á hinum ýmsu liðum samtals að upphæð 22 585 þús. kr. — Skiptist upphæðin þannig: Lagt er til, að framlög til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækki um 8 850 þús. kr., til ferjubryggna 750 þús. kr., til hafnarframkvæmda, eftirstöðvar framlaga 12 400 þús. kr. og til sjóvarnargarða 585 þús. kr. — Um frekari sundurliðun á fjárveitingum til einstakra framkvæmda vísast til þess, sem fram kemur í tillögum nefndarinnar á þingskjali 154.

Liðurinn 351 ferðamál, lagt er til að hækka fjárveitingu til ferðamálaráðs um 100 þús. kr. Er upphæðinni ætlað að mæta kostnaði ráðsins vegna ferðamálasérfræðings á vegum Sameinuðu þjóðanna, sem hingað er væntanlegur á komandi sumri. — 403 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, lagt er til að hækka fjárveitingu um 529 þús. kr., auk þess hækka tekjur stofnunarinnar um 640 þús., eða samtals um 1 169 þús. kr. þar af fari til launahækkana 919 þús. kr. og annars kostnaðar, útgáfustarfsemi 250 þús. kr. — Þá er lagt til, að inn verði tekinn nýr liður undir 499 iðja og iðnaður, framlög: Til útflutningsskrifstofu Félags íslenzkra iðnrekenda 3 millj. kr. — 582 Stýrimannaskólinn í Vestmannaeyjum, hækkun 150 þús. kr.

Um 1 08 Viðskiptaráðuneytið.

999 ýmis önnur mál, lagt er til, að liðurinn 03 vörusýningar erlendis hækki um 1 millj. kr.

Um 6. gr.

Lagt er til að veita eftirtaldar heimildir:

Að heimila, að felld verði niður stofn- og afnotagjöld af 10 talsímatækjum fyrir blinda.

Að Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiði Landgræðslusjóði 30 aura af hverjum seldum vindlingapakka. — Ákvæði þetta komi í stað VI. tölul. 6. gr.

Að heimila að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af dælustöð ásamt tilheyrandi tækjum, sem Vestmannaeyjakaupstaður hefur flutt inn til landsins til að auka flutningsgetu neðansjárvarvatnsleiðslu milli lands og Eyja.

Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af 3 dísilrafstöðvum, sem rafveiturnar á Húsavík, Siglufirði og Sauðárkróki hafa fest kaup á hjá Fosskraft h/f.

Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vinnuskálum, sem KFUM og K hyggjast kaupa af Fosskraft og nota við sumarbúðastarfsemi sína.

Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af notaðri sjúkrabifreið, sem brezka sendiráðið fyrir hönd Southamptonháskóla hefur gefið Slysavarnafélagi Íslands.

Að endurgreiða Ingimar Ingimarssyni sérleyfishafa aðflutningsgjöld af almenningsbifreið, sem hann ætlar að flytja inn og nota í stað þeirrar bifreiðar, sem eyðilagðist í haust.

Að endurgreiða væntanlegan tekjuskatt, af Henrik Steffens verðlaunum, sem próf. Magnús Már Lárusson hefur hlotið.

Að ábyrgjast lán að upphæð 1 millj. kr. fyrir Náttúrulækningafélag Íslands vegna byggingar í Hveragerði.

Að ábyrgjast allt að 14 millj. kr. lán fyrir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja vegna byggingar orlofsheimilis að Munaðarnesi.

Að verja 1 200 þús. kr. af tekjum af malarnámi í landi Vífilsstaða til byggingar húsnæðis á Vífilsstöðum fyrir hjúkrunarkonur.

Að leggja fram sem hlutafé í Slippstöðinni h/f á Akureyri 10 millj. kr., enda nemi heildarhlutafé í fyrirtækinu eigi lægri fjárhæð en 30 millj. kr.

Að selja fasteignirnar Hvol á Eyrarbakka og Lónshús í Garði, Gullbringusýslu.

Að selja öll útihús á jörðinni Baldurshaga í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu.

Að taka allt að 20 millj. kr. lán til byggingar fæðingar- og kvensjúkdómaeildar Landspítalans.

Að lána allt að 10 millj. kr. vegna endurnýjunar og sölu bifreiða, er forstöðumenn og aðrir starfsmenn ríkisstofnana hafa haft til umráða í samræmi við væntanlega reglugerð um bifreiðamál ríkisins.

Að gera makaskipti við Reykjavíkurborg á lóðum í Reykjavík þannig, að ríkisstjórnin afsalar Reykjavíkurborg lóð þeirri, sem er eign ríkisins á svæði, sem afmarkast af Hverfisgötu, Ingólfsstræti, Sölvhólsgötu og Kalkofnsvegi (Arnarhóli), rúml. 10 þús. m² að stærð, sneið af lóð stjórnarráðsins við Lækjartorg, um 965 m² að stærð, og sneiðum af lóðum Landsbókasafnshússins og Þjóðleikhússins í samræmi við skipulag Hverfisgötu, um 270 m² að stærð. Á móti afsalar Reykjavíkurborg til ríkisstjórnarinnar lóð, um 38 þús. m² að stærð, til viðauka við núverandi eignarlóð Landspítalans, og er sú viðbótarlóð innan landssvæðis, sem afmarkast af Hringbraut, Miklartorgi, Snorrabraut, Eiríksgötu og Barónsstíg.

Að hefja byggingu nýs stjórnarráðshúss á árinu 1970 og undirbúa nauðsynlega fjáröflun, til þess að unnt sé að ljúka byggingu hússins með eðlilegum hraða.

Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Alþingi, 6. des. 1969.

Jón Árnason,
form., frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.

Matthías Bjarnason.

Sverrir Júlíusson.

Gunnar Gíslason.